

Þykir vænt um klisjur

„Baldessari?! Hann er ógedslega frægur!“ sagði myndlistarkonan vinkona mín þegar ég spurði hvort hún gæti sagt mér eitthvað um þennan bráðum sjötuga listamann sem ég átti að fara að hitta niðri í Hafnarhúsi, þar sem sýning stendur yfir á verkum hans. Síðan kom löng ræða um list sem ekki lýtur sömu lögmálum og önnur. Löng lofræða um John Baldessari.

Þegar ég kom niður eftir rakst ég á sýningarstjórn þorvald Þorsteinsson sem ljómaði eins og jólabarn með tilhlökkun í hverjum andlitsdrætti þar sem hann gekk um sýningarsalinn. Enda er Baldessari eitt helsta átrúnaðargoð hans. Þorvaldur segir að hann hafi kynnst verkum Baldessaris þegar hann var í Myndlista- og handíðaskólanum. Hann segir að Baldessari hafi verið einn þeirra listamanna sem kynntu honum þá staðreynd að það væri hægt að hafa gaman af myndlist. Líka á meðan hún væri í vinnslu. Hann nefnir því til staðfestingar margvísleg ljósmyndaverk þar sem notaðar eru ýmist fundnar eða heimagerðar myndir til að skapa nýjar sögur og spennandi samspil óskýldra heima, dásamlega notkun á klisjum sem hann kann öðrum betur

að jarðtengja og verk sem fjalla miklu frekar um það hvað er ekki list en það sem menn eru sammála um að sé list. „Hann hefur alla tíð verið svo skemmtilega ólíkur þeim sem gangast upp í harðliffinu og eigin dulúð. Hann kann að nálgast okkur með verkum sínum án þess að tala niður til okkar. Hann leyfir okkur að skoða furður hversdagsleikans og menningarinnar með sér.“

Íslendingasögurnar klisjukennar

Baldessari er hálfur Dani og honum finnst hann kominn nær rötum sínum þegar hann er hér á Íslandi. „Mér hefur líka alltaf fundist ég vera eins og víkingur – svona í útliiti,“ segir Baldessari og brosir víkinglega.

Hann er einnig hálfur Ítali, en

borinn og barnfæddur í Ameríku. „Fyrsta kynslóð Ameríkana“ eins og hann orðar það sjálfur. Baldessari segist ekki hafa vitað neitt um Ísland eða íslenska myndlistarmenn fyrr en hann kynntist Þorvaldi fyrir nokkrum árum. Í fyrra kom hann svo í heimsókn og fór í sögulega Þingvallaferð með Þorvaldi og unnustu hans þar sem þau festu Mussojeppann. Þá tók Baldessari nokkrar myndir sem m.a. hafa ratað inn á sýninguna í tveimur þeirra verka sem hann gerði sérstaklega fyrir þessa sýningu.

Meðan Baldessari var að undirbúa sig fyrir Íslandsförina las hann nokkrar íslenskar bækur og horfði á íslenskar kvikmyndir. Hann segist hafa verið yfir sig hrifinn af bók sem ber titilinn Independent People – en hann getur ekki borið fram nafnið á höfundinum. Íslendingasögurnar las hann einhverjar og segir að þær séu ansi klisjukennar. Ég geri honum grein

fyrir því að hann geti kallað yfir sig hatur og heift Íslendinga með því að segja þetta um þjóðararfinn en Baldessari baðar þá út höndunum og segir: „Ég segi ekki að klisjur séu slæmar! Ekki misskilja mig! Mér þykir innilega vænt um klisjur.“

Fegurðin þarf enga aðstoð

List Baldessaris hefur ekki alltaf verið jafn fersk og afgerandi. Á árunum 1957–1968 málaði hann óhlutbundin málverk, en tók svo til þess bragðs að brenna öll verkin sín til ösku. Þorvaldur heldur því fram í sýningarskrá að þetta mættu fleiri listamenn taka sér til fyrirmyndar.

Listamaðurinn vill ekki tala mikið um tímabilið. „Þetta var heimspökilegur gjörningur. Ég var að leiðrétta mistök mín en ég uppgötvaði að ég hafði um langt skeið verið í kassa og alltaf að vinna sama málverkið. Mér fannst að listin hlyti að vera annað og meira en það.“


Baldessari hóf að taka ljósmyndir af sínu nánasta umhverfi, en einbeitti sér ekki að því sem almennt var talið fallett heldur segist hann hafa tekið nokkurs konar heimildarmyndir. „Ég rétti bara myndavélina út um bílgluggann og smellti af,“ segir Baldessari og myndirnar bera þess glöggt vitni. Staðir sem eru hvorki né – og svo staðarákvörðun letruð fyrir neðan. Það sem myndavélin sá og ekkert umfram það.

Í framhaldi af því spjöllum við um fegurðina, en Baldessari hefur látið hafa eftir sér í viðtali að almennt hafni hann hlutum sem taldir eru fallegir. „Fegurðin þarf enga aðstoð frá mér. Hún spjarar sig ágætlega á eigin fótum.“

„Það sem mér finnst líka gaman að athuga er hvers vegna okkur finnst hlutir ekki fallegir,“ segir Baldessari og veltir sykarkari og mjólkurkönnu milli handanna. „Af hverju er þetta fallett en þetta ljótt? og hverjum finnst það fallett og hverjum finnst það ljótt?“ heldur hann áfram. „Er það menningarmunur sem segir til um það? Eða genetískur munur? Mér finnst þetta mjög áhugavert,“ segir Baldessari og bætir við að það sé gaman að velja því fyrir sér í framhaldinu hvað sé list og hvað sé ekki list.

Víkingur í vondri Hollywood-mynd

Sýningin ber yfirskriftina Á meðan eitthvað er að gerast hér er eitthvað annað að gerast þar – While something is happening here somet-



The Overlap Series:
Vehicle (in snow) and Viking.

hing else is happening there. Ég óska eftir skýringum hjá listamanninum.

„Við höfum tilhneigingu til að ætla að það sem er að gerast í eigin túngarði sé mikilvægara en það sem er að gerast annars staðar,“ segir hann. „Ég velti bara upp spurningunni um það hvort það sé kannski jafn mikilvægt.“

Ög svo er það útrætt mál. En þegar sýningin er skoðuð sést að Baldessari stillir oft upp því sem vel þekkt er úr umhverfi manna við hlið þess veruleika sem birtist í kvikmyndum. „Sögukunnátta heimsbyggðarinnar er fengin úr kvikmyndum, en jafnframt er kvikmyndaheimurinn blekking. Þetta er hægt að nota til þess að skapa nauðsynlegan efa,“ segir hann og nefnir dæmi um að víkingur í vondri Hollywoodmynd er það sem heimsbyggðin hefur séð af víkingum – en í samhengi við ljósmynd sem tekin er á Íslandi og sýnd á Íslandi – er myndin af víkingnum írónísk.

Listrænan fundin upp eftir á


Sú gagnrýni hefur oft heyrst á samtímalist að það þurfi að hafa myndlistarlegan bakgrunn til þess að njóta listaverka á borð við þau sem Baldessari gerir og þess vegna séu þau ekki ætluð almenningi. Hvað segir hann við þessu?

„Mig langar ekki að vera einangraður og ég held að allir listamenn vilji að aðrir njóti verka þeirra,“ segir Baldessari. Listaverkinu er líka stundum líkt við lauk. Það er hægt að horfa á hann og finnst hann fallegur eins og hann er. En það er líka hægt að fletta einu lagi af honum og sjá meira og svo koll af kolli. Það er hægt að njóta myndanna minna af því að það eru fallegir litir í þeim – en það er líka hægt að skyggjast lengra – og fólk verður að ráða því sjálf hversu langt það fer.“

– En svo er litid niður á þá listamenn sem gera verk sem njóta almenningshylli og seljast í bílförum?

„Það er ekki vont að græða, en maður verður að passa sig á því að láta skottið ekki dilla hundinum,“ segir Baldessari og hlær. „Sum verk hafa verið unnin allveg án listræns metnaðar og eingöngu til þess að græða eins og fyrstu Hollywoodkvikmyndirnar – en síðan hefur listrænt gildi þeirra verið fundið upp eftir á.“

-þhs



John Baldessari

„Mér hefur alltaf fundist ég vera eins og víkingur – svona í útliiti,“ segir hann.